



ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS OG HEIMILISOFBELDIS Á SUÐURLANDI

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sylvía Karen Heimisdóttir sveitarstjóri
Árnesi
804 Selfoss

Selfossi, 12. nóvember 2025

Efni: Umsókn um styrk til SIGURHÆÐA

Kæri samstarfsaðili í SIGURHÆÐUM

Fyrir hönd SIGURHÆÐA færi ég Skeiða- og Gnúpverjahreppi innilegar þakkir fyrir góðan stuðning og gefandi samstarf í þágu skjólstæðinga SIGURHÆÐA. Samstaðan um þetta sunnlenska samfélags- og lýðheilsuverkefni í fjórðungnum er aðdáunarverð og vekur víða mikla og verðskuldaða athygli.

Starf Sigurhæða hefur á árinu 2025 verið með hefðbundnum hætti, en starfið hefur þróast og nýjungar verið innleiddar. Nú er svo komið að um 440 skjólstæðingar hafa verið eða eru í langtímaþjónustu, sem innifelur einstaklingsviðtöl, hópameðferð, EMDR áfallameðferð og einnig viðtöl við lögreglu, lögmenn, innflytjendafræðslu og túlkun eftir atvikum. Þá er ráðgjöf við aðstandendur vaxandi þáttur í starfseminni.

Frá haustinu 2024, hefur verið boðið uppá dansþerapíu, sem er nýjung og er sú meðferð að koma einkar vel út og bundnar eru vonir við að konur af erlendu bergi brotnar muni sækja í auknu mæli þjónustu til Sigurhæða. Auk þess er boðið upp á Joga Nidra og dáleidslumeðferð. Þannig er sú meðferð sem í boði er í Sigurhæðum mjög fjölbreytt og miðast við að veita þá þjónustu sem hentar hverri og einni konu sem til okkar sækir.

Meðferðaraðilar okkar hafa þó áhyggjur af því að ungar konur eru ekki að sækja sér þjónustu hjá Sigurhæðum og þarf að ná til þeirra, með því að verða sýnilegri út á við og kynna starfsemina í framhaldsskólum og víðar. Þá er að hefjast vinna við að gera Sigurhæðir sýnilegar á samfélagsmiðlum en þannig teljum við líklegra að ná til ungra stúlkna og kvenna.

Við fluttum í nýtt húsnæði að Fagurgerði 2, Selfossi, um mitt árið sem hentar einkar vel að okkar þörfum en húsnæðið var lagað að starfseminni eins og hægt var og finnst okkur það halda mjög vel utan um starfið og okkur sem hér stöndum vaktina og ekki síður skjólstæðinga okkar.

Nú er í gangi vinna við að breyta rekstrarformi SIGURHÆÐA yfir í sjálfseignarstofnun þar sem starfsemin er orðin það umfangsmikil að slíkt er talið hentugra rekstrarform þegar til framtíðar er litið.

Haustið 2021 var sett fram sú stefna fyrir hönd SIGURHÆÐA að sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi fjármagni þriðjung af kostnaðaráætlun hvers árs. Kostnaðaráætlun fyrir árið 2026 er kr. 68.240.000. SIGURHÆÐIR hafa frá árinu 2022 verið áhersluverkefni í Sóknaðaráætlun Suðurlands með 5 mkr. framlagi og er það verkefni enn í vinnslu samkvæmt heimasíðu SASS, fyrir árið 2026.

Sú styrkupp hæð sem hér er sett fram gagnvart sveitarfélaginu er reiknuð út frá hlutfallslegum íbúafjölda að teknu tilliti til framlags frá SASS, ef til kemur.

Með stuðningi við Sigurhæðir er stigið mikilvægt skref í átt að jafnara og réttlátara samfélagi. Verkefnið hefur bein áhrif á lífsgæði kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Stuðningur við Sigurhæðir er þannig fjárfesting í mannréttindum, öryggi og velferð.

Við sækjum hér með um kr. 302.753 frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Bankaupplýsingar:
Soroptimistaklúbbur Suðurlands
Kt. 620210-1370
Rn. 0325-13-400047

Vinsamlegast gerið undirritaðri viðvart ef óskað er eftir reikningi.

Með innilegu þakklæti fyrir gefandi samstarf og bestu kveðjur um heillaríka framtíð.

Virðingarfyllst,
Anna Björg Stefánsdóttir,
starfandi verkefnastjóri SIGURHÆÐA

Fylgiskjöl:

Kostnaðaráætlun 2026

Kostnaðarskipting sveitarfélaga

Fagurgerði 2, 800 Selfoss. Kt. 620210-1370. Sími 834 5566.
Netfang sigur@sigurhaedir.is. Vefsíða sigurhaedir.is. Facebook Sigurhæðir

